

REGLUGERÐ

200

23. okt.

um útgáfu og notkun nafnskírteina vegna framkvæmdar á lögum um eignakönnun.

1. gr.

Allir menn, konur og karlar, 16 ára og eldri, skulu eiga þess kost að fá útgefin nafnskírteini, sem lögreglustjórar og hreppstjórar gefa út.

Nú dvelur maður utan lögheimilis síns. Skal hann þá eiga kost á að fá útgefið nafnskírteini af yfirvaldi á dvalarstaðnum, enda sanni hann með yfirlýsingu frá yfirvaldi á þeim stað, er hann á heima, að hann hafi ekki fengið og fái ekki útgefið nafnskírteini þar.

2. gr.

Skyllt skal að sýna nafnskírteini þessi starfsmönnum ríkissjóðs, skattyfirvalda, lánsstofnana, pósthúsa og öðrum, sem til þess kunna að verða löggiltir, í sambandi við skipti á peningum, innlausn og greiðslu á tékkum, póstávisunum, póstkröfum og öðrum ávisunum, nafnskráningu á peningainnstæðum og skrásetningu verðbréfa.

3. gr.

Í nafnskírteini skulu vera þessar upplýsingar um nafnskírteinishafa:

1. Fullt nafn hans.
2. Staða eða atvinna.
3. Fæðingardagur og ár.
4. Fæðingarstaður.
5. Heimilisfang.
6. Nafn hans ritað eigin hendi.

Enn fremur, ef hann óskar, nafn maka og barna og aldur þeirra.

4. gr.

Lögreglustjórum og hreppstjórum skal skyllt að halda skrá um nafnskírteini, sem gefin verða út og gæta þess, að sama aðila verði ekki afhent nafnskírteini oftari en einu sinni. Þeim, er óskar nafnskírteinis, skal skyllt að gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjórar og hreppstjórar telja nauðsynlegar við útgáfu nafnskírteinisins og samning skrárinnar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 67 1947, um eignakönnun, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1947.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.